



FS: UMH20110001Umsókn um undanþágu - umsókn óskast eigi siðar en 18. október nk.

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2021070179

Eigandi skjals: Óskar Í. Sigurðsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 25.10.2021

Dagsetning skjals: 08.10.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir"

<sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Notandi: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir" <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Dagsetning: 8.10.2021 15:58:37

Til: "USK Byggingarfulltrúi" <byggingarfulltrui@reykjavik.is>

Afrit til: "Óskar Ísfeld Sigurðsson" <oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is>

Efni: FS: UMH20110001Umsókn um undanþágu - umsókn óskast eigi siðar en 18. október nk.

Meðf. erindi þar sem Ingunn H. Hafstað sækir um undanþágu f.h. Devitos pizza er hér með sent byggingarfulltrúa til umsagnar.

Ráðuneytið hefur óskað eftir lögbundnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Verið er að sækja um endurnýjun leyfa fyrir veitingarstað sem hefur verið starfræktur frá árinu 2003, m.a. er verið að leggja inn nýjar teikningar af staðnum til byggingarfulltrúa. Lofthæð í kjallara er lægri en lágmarkslofthæð segir til um í byggingareglugerð. Kjallarinn er og hefur verið nýttur fyrir frystikistu og sem lager fyrir pizzaumbúðir. Að auki er þar þvottavél og þurrkherbergi. Gluggi er í þurrkrýminu við hliðina á rými þar sem þvottavélin er og er því útloftun góð.

Af erindinu má ráða að sótt sé um undanþágu frá 14. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti, sbr. 74. gr. reglugerðarinnar til að nýta kjallara í húsnæðinu.

Veitingastaður þarf starfsleyfi, sbr. 107. tölul. viðauka IV við lög nr. 7/1998. Til þess að hægt sé að veita starfsleyfi þarf að uppfylla lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, m.a. að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis, en skv. 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti skal húsnæði fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerðinni hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Sé það ekki þá þarf bæði undanþágu frá starfsleyfi og undanþágu frá 14. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti, sbr. 74. gr. reglugerðarinnar.

Starfsleyfi hefur verið gefið út af heilbrigðisnefnd út þetta ár. Það nær einungis til samþykktra teikninga og því ekki til rýmis í kjallara. Óskar Ísfeld hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur getur veitt upplýsingar um þá þætti sem falla undir starfsleyfi veitingarstaðarins.

Óskað er eftir að umsögn/álit byggingafulltrúa berist ráðuneytinu sem fyrst og eigi síðar en 18. október nk.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division
Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Sent: föstudagur, 8. október 2021 15:49

Til: 'steinunn.karlsdottir@umhverfisstofnun.is' <steinunn.karlsdottir@umhverfisstofnun.is>; 'Óskar Ísfeld Sigurðsson' <oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is>

Efni: FS: UMH20110001 Umsókn um undanþágu - umsókn óskast eigi síðar en 18. október nk.

Sæl og blessuð Steinunn og Óskar.

Kærar þakkir fyrir réttmæta ábendingu Óskar um að afla þurfi álits byggingafulltrúa.

Verið er að sækja um endurnýjun leyfa fyrir veitingarstað sem hefur verið starfræktur frá árinu 2003, m.a. er verið að leggja inn nýjar teikningar af staðnum til byggingafulltrúa. Þá kemur í ljós að ekki eru til teikningar af kjallaranum með núverandi notkun. Lofthæð í kjallara er lægri en lágmarkslofthæð segir til um í byggingareglugerð. Kjallarinn er og hefur verið nýttur fyrir frystikistu og sem lager fyrir pizzaumbúðir. Að auki er þar þvottavél og þurrkherbergi. Rekstraraðili þvær þvott fyrir matsölustaðinn 2-3 sinnum í viku. Gluggi er í þurrkrýminu við hliðina á rými þar sem þvottavélin er og er því útloftun góð.

Sótt er um undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti til að nýta kjallarann.

Veitingastaður þarf starfsleyfi, sbr. 107. tölul. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og til þess að hægt sé að veita starfsleyfi þarf að uppfylla lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, m.a. að starfsemi sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis, en skv. 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti skal húsnæði fyrirtækja, sem fjallað er um í reglugerðinni hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Sé það ekki þá þarf bæði undanþágu frá starfsleyfi og undanþágu frá 14. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti, sbr. 74. gr. reglugerðarinnar.

Starfsleyfi hefur verið gefið út tímabundið út þetta ár. Það nær einungis til samþykktra teikninga og því ekki til rýmis í kjallaranum. Þegar umsókn kom inn hafði ráðuneytið ekki meðtekið að það hefði verið gefið út starfsleyfi og erindið meðhöndlað á þann veg að bæði væri verið að sækja um undanþágu frá starfsleyfi og frá hollustuháttareglugerðinni.

Hér með er áréttað að málið snúist einungis um undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti og óskað eftir að umsögn um það atriði berist ráðuneytinu sem fyrst en eigi síðar en 18. október nk.

Meðf. er skjal sem umsækjandi sendi ráðuneytinu fyrr í dag og inniheldur teikningar.

Með þakklæti og kveðju,

SSæm

Notandi: "Ingunn Helga Hafstað" <ingunn@arktika.is>
Dagsetning: 30.9.2021 15:19:41
Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=aa1db9e6a678418a94b2fe92c36997b5-pumh>
Afrit til: "Sigríður Maack" <sigridur@arktika.is>
Efni: Umsókn um undanþágu

Góðan daginn.

Ég sendi fyrr í vikunni póst til ráðuneytisins en hef ekki fengið svar og veit því ekki hvort hann hafi skilað sér. Ég get í raun ekki fundið þennan póst sem ég tel mig hafa sent og því sendi ég hann hér með aftur (þið afsakið ef þið hafið þegar móttengið tölvupóst frá mér með sama erindi)

Ég er að aðstoða eiganda Devitos pizza með endurnýjun leyfa en þeir hafa fengið athugasemdir vegna húsnæðisins. Mér var bent á það af heilbrigðiseftirlitinu að rekstraraðili gæti sótt um undanþágu hjá UAR til að nýta kjallara hússins sem er á Laugavegi 126. Lítil lofthæð er í kjallaranum en hann hefur engu að síður nýst eigendum þeirra matsölustaða sem hafa verið reknir í húsinu undanfarin ár. Eigandi Devitos þessa óskar sem sagt að fá að nýta kjallarann skv. umsókn í viðhengi.

Ég vonast til að heyra sem fyrst fá ykkur því svar frá ráðuneytinu þolir ekki langa bið því nú er staðurinn bara með leyfi til bráðabirgða.

Með kveðju

Ingunn H Hafstað

arkitekt FAÍ

s. 825 3901


<cid:image001.png@01D5670D.3C6CB290>

(See attached file: image001.png)(See attached file: Bréf til Umhverfis- og

auðlindaráðuneytisins.pdf)  - Bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.pdf



- *ADALTEIKNINGAR LAUGAVEGUR 126_2021_Devitos pizza.pdf*



GRUNNMYND 1. HÆÐAR

GRUNNMYND 1. HÆÐAR

LAUGAVEGUR

BYGGINGALÝSING:

Laugavegur 126 er steinhús á þremur hæðum auk kjallara og riss. Það var teiknað árið 1932 og var í upphafi teiknuð verslun á 1. hæð. Síðan 2003 hefur Devitos pizza verið rekinn á 1. hæð hússins. Þar starfa 1-2 manns hverju sinni.

UMSÓKN

Nú er sótt um endurnýjun leyfis fyrir staðinn. Um er að ræða veitingastað í flokki I og tegund d) þ.e. veisluþjónusta og veitingaverslun.

HELSTU BREYTINGAR

Þær breytingar sem verða á innra fyrirkomulagi frá fyrri teikningum eru eftirfarandi:
Eldhúsið er óbreytt frá fyrri teikningu fyrir utan það að bætt hefur verið við einni handlaug. Annarri handlaug er bætt við í gangi við hlið kælis.
Inna af eldhúsi er rými sem áður var snyrting starfsmanna en er nú geymsla fyrir drykkjarvörur, dósamat og hveiti.

Snyrting starfsmanna er færð yfir í starfsmannarýmið og verður aflokað rými. Við hliðina er ræsting. Á móti er rými til fataskipta þar sem hægt er að loka að sér. Í rýminu er einnig fatahengi og fataskápur. Kaffistofa starfsmanna er inn af starfsmannarými.

Kjallari hússins er nýttur sem lager fyrir umbúðir. Einnig er þar þvottavél og þurrkherbergi. Lofthæðin er einungis 1.75 m í geymslu kjallara og 1.7 m í þurrkherbergi.

Sótt er um undanþágu fyrir notkun kjallara í þágu Devitos pizza, þrátt fyrir litla lofthæð, vegna afmarkaðrar notkunar.

Laugavegur 126_Devitos pizza

verk:	Endurnýjun leyfa	staðgr.:	0-1-1241001
verknr.:	190921DEVI	landnr.:	L102996

AÐALTEIKNING

efni teikn.: Afstöðumynd, grunnmyndir og útlit

hannað: IH/SM teiknað: IH/SM yfirfarið: IH/SM

dags.: mkv.: teikn.nr.: útg.:

10.10.2021	1:100/1:500/ A2	01.01	-
------------	-----------------	--------------	----------

Góðan daginn.

Í húsi við Laugaveg 126 hefur pizzastaðurinn Devitos verið starfræktur frá árinu 2003. Nú er verið er að sækja um endurnýjun leyfa og þarf því að leggja inn nýjar teikningar af staðnum til byggingafulltrúa. Þá kemur í ljós að ekki eru til teikningar af kjallaranum með núverandi notkun. Lofthæð í kjallara er lægri en lágmarkslofthæð segir til um í byggingareglugerð en kjallarinn er engu að síður mikilvægur fyrir rekstur staðarins en hann er nýttur fyrir frystikistuna og sem lager fyrir pizzaumbúðir og að auki er þar þvottavél og þurrkherbergi.

Lofthæð í kjallara er einungis 1.75 m í umræddri geymslu og 1.70 m í þurrkrýminu. Geymslan og rými fyrir þvottavél og þurrkherbergi hefur verið notað í tengslum við þá veitingarstaði sem hafa verið starfræktir undanfarna áratugi og það á einnig við um Devitos pizza. Rekstraraðili þvær þvott fyrir matsölustaðinn 2-3 sinnum í viku og vonast til að fá að gera það áfram. Gluggi er í þurrkrýminu við hliðina á rými þar sem þvottavélin er og er því útloftun góð.

Fyrir hönd rekstraraðila Devitos pizza, óska ég eftir undanþágu hjá ráðuneytinu fyrir að kjallarann í þágu staðarins þrátt fyrir litla lofthæð. Ástæðan er sú að staðurinn hefur nýtt kjallarann þann tíma sem Devitos pizza hefur verið í húsinu og hefur reynst vel.

Öll önnur starfsemi Devitos pizza er á 1. hæðinni, s.s. starfsmannarými, eldhús og biðsalur.

Að jafnaði starfa 1-2 manns á Devitos pizza.

Undirrituð hefur verið í samskiptum við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið og er þessum aðilum kunnugt um að rekstraraðili sækir um undanþágu til að nýta kjallarann.

Ingunn H Hafstað
arkitekt FAÍ
s. 825 3901



www.arktika.is



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Sigurbjörg Sæmundsdóttir,
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2021
Tilvísun: 2021100072/50.15

Efni: Umsagnarbeiðni Umhverfis- og auðlindarráðuneytis um ósk um undanþágu frá kröfum um lágmarkslofthæð - veitingastaðurinn Devitos Pizza, Laugavegi 126

Vísað er til erindis Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 8. október 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) vegna umsóknar Devitos Pizza ehf. um undanþágu frá kröfum um lágmarkslofthæð í atvinnuhúsnæði.

Umsókn Devitos Pizza ehf. um starfsleyfi fyrir skyndibitastað að Laugavegi 126, F2010428, var tekin til afgreiðslu á 1571. afgreiðslufundi HER þann 28. september 2021. Samþykkt var að veita tímabundið starfsleyfi frá 28. september til 28. desember 2021 með skilyrðum sem m.a. fela í sér að rekstraraðili fái breytingar á húsnæði samþykktar hjá embætti byggingarfulltrúa Reykjavíkur, en rekstraraðili áætlað að nýta afmarkaðan hluta kjallara hússins fyrir starfsemi veitingastaðarins sem hingað til hefur ekki verið hluti af samþykktum aðaluppdráttum. Lofthæðin í þeim hluta kjallara hússins sem rekstraraðili áætlað að nýta er á bilinu 1.70-1.75 metrar skv. upplýsingum frá rekstraraðila og uppfyllir því ekki kröfur um lágmarkslofthæð sem settar eru fram í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skv. 1. mgr. b-liðar 2. gr. reglugerðar nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli skulu húsakynni matvælafyrirtækja vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um atvinnuhúsnæði og hafa hlotið samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni. Skv. 14. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti skal húsnæði fyrirtækja sem reglugerðin nær til hafa hlotið samþykkt byggingarnefndar.

HER gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á starfsemi veitingastaðarins, þ.e. að rekstraraðili fái undanþágu frá 14. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti og þ.a.l. byggingarreglugerð nr. 112/2012 til að nýta afmarkaðan hluta kjallara Laugavegs 126 sem uppfyllir ekki kröfur um lágmarkslofthæð í atvinnuhúsnæði til geymslu á matvælaumbúðum og forpökkuðum frosnum matvælum sem og til þvotta á starfsmannafatnaði og þrifabúnaði.

HER telur þó nauðsynlegt að Vinnueftirlitið fái erindið til umsagnar sbr. reglur þess um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 þar sem fyrirhuguð breyting hefur áhrif á vinnuaðstöðu starfsfólks veitingastaðarins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Óskar Í. Sigurðsson
deildarstjóri